

## REGLUGERÐ

**um (13.) breytingu á reglugerð nr. 560/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.**

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 50. tölul., svohljóðandi:

50. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/586 frá 11. apríl 2019 um breytingu á 1. hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tilteknar hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði eða hólf þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af alifuglum og alifuglaafurðum til Sambandsins.

### 2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. maí 2019.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/586**

frá 11. apríl 2019

um breytingu á 1. hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tilteknar hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af alifuglum og alifuglaafurðum til Sambandsins

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis (<sup>1</sup>), einkum 1. og 4. lið 8. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (<sup>2</sup>), einkum 1. mgr. 23. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálands um Evrópusambandið. Hinn 22. mars 2019 samþykkti leiðtogaðið ákvörðun (ESB) 2019/476 (<sup>3</sup>) um að fram lengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálands um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Ef neðri deild þingsins samþykktir ekki útgöngusamning eigi síðar en 29. mars 2019 er tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálands um Evrópusambandið, fram lengt til 12. apríl 2019 í samræmi við þá ákvörðun. Þar eð útgöngusamningurinn var ekki samþykktur fyrir 29. mars 2019 hætta lög Sambandsins að gilda um og í Bretlandi frá og með 13. apríl 2019 (hér á eftir nefndur „útgöngudagurinn“).
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 (<sup>4</sup>) er mælt fyrir um skrá yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á alifuglum og alifuglaafurðum (hér á eftir nefnd vörurnar), og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir. Þar er kveðið á um að vörurnar megi einungis flytja inn til Sambandsins og umflytja gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfírráðasvæðum, svæðum eða hólfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka við hana.
- 3) Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir fyrir landið og tilteknar hjálendur krúnunnar um að uppfylla skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 798/2008 um aðflutning á sendingum af vörum til Sambandsins, frá útgöngudeginum með því að halda áfram að hlíta löggjöf Sambandsins á upphafstímabili sem varir í a.m.k. níu mánuði.
- 4) Með tilliti til þessara tilteku ábyrgða, sem Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lagði fram, og í því skyni að koma í veg fyrir ónauðsynlega röskun á viðskiptum eftir útgöngudaginn ættu Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tilteknar hjálendur krúnunnar því að vera faerd á skrána yfir þriðju lönd, yfírráðasvæði, svæði eða hólf sem sett er fram í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af vörum til Sambandsins.
- 5) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til samræmis við það.
- 6) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019 nema ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

**SAMPYKKT REGLUGERÐ PESSA:***I. gr.*

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 skal breytt í samræmi við texta viðaukans við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019.

Hins vegar skal hún ekki koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

Jean-Claude JUNCKER

- (<sup>1</sup>) Stjórd. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.  
 (<sup>2</sup>) Stjórd. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.  
 (<sup>3</sup>) Ákvörðun leiðtogaðarsins (ESB) 2019/476 sem tekin var í samræði við Bretland 22. mars 2019 um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálaus um Evrópusambandin (Stjórd. ESB L 80 I, 22.3.2019, bls. 1).  
 (<sup>4</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirlit yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýrafurðir (Stjórd. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

#### VIDAUKI

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við á eftir færslunni fyrir Kína:

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirláða-svæðis	Kóði þriðja lands, yfirláða-svæðis, svæðis eða hólfis	Lýsing á þriðja landi, yfirláða-svæði, svæði eða hólf	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýrafurðir		Sérstök skilyrði	Sérstök skilyrði		Staða eftirlits vegna fugla-inflúensu	Bólusetningarstaða vegna fugla-inflúensu	Staðavarma gegn salmonellu
			Fyrir-mynd(ir)	Viðbótar-ábyrgðir		Lokadagsetning	Upphafsdagsetning			
1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
„GB-Sameinaða konungsrikið Stóra-Bretland og Norður-Irland	GB-0	Landið allt	SPF							
			BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20,					A		
			WGM							
			EP, E, POU, RAT							
GG-Guernsey	GG-0	Landið allt	SPF							
			BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20,					A“		
			WGM							
			EP, E, POU, RAT							

b) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir færslunni fyrir Ísland:

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirláða-svæðis	Kóði þriðja lands, yfirláða-svæðis, svæðis eða hólfis	Lýsing á þriðja landi, yfirláða-svæði, svæði eða hólf	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýrafurðir		Sérstök skilyrði	Sérstök skilyrði		Staða eftirlits vegna fugla-inflúensu	Bólusetningarstaða vegna fugla-inflúensu	Staðavarma gegn salmonellu
			Fyrir-mynd(ir)	Viðbótar-ábyrgðir		Lokadagsetning	Upphafsdagsetning			
1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
„JE-Jersey	JE-0	Landið allt	SPF							
			BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20,					A“		
			WGM							
			EP, E, POU, RAT							